

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans í Reykjavík

Húsnæðismál MR koma í veg fyrir að nánast öll fagleg markmið séu framkvæmanleg. Framkvæmd og árangur markmiðanna er háð því að samningsaðilar geri raunhæfa tímaáætlun um löngu tímabærar úrbætur í húsnæðismálum skólans. Einnig er framkvæmd og árangur af markmiðunum háð fjárveitingum til skólans.

A. Markmið

Meginmarkmið 1: Koma á föstu samstarfi við háskólastigið til að geta veitt nemendum sem bestan undirbúning fyrir námið þar. Stefnt er að því að fast samstarf hefjist skólaárið 2013-2014.

Deilimarkmið:

- a. Koma á a.m.k. einum fundi á önn og skiptast á upplýsingum.
- b. Að bjóða fulltrúum háskólanna í heimsókn við lok hverrar annar til að fylgjast með og stuðla þannig að öflugum gæðaeftirlit.

Meginmarkmið 2: Efling formáladeildar og klassískra fræða á samningstímanum.

Við MR er starfrækt eina formáladeildin sem stendur nemendum til boða á höfuðborgarsvæðinu. Hafin er vinna við eflingu deildarinnar og mun hún framvegis bera heitið: Formáladeild, deild klassískra fræða. Þegar er hafin kennsla í greinum svo sem málvísindum og fornfræði og er gert ráð fyrir að styrkja þessar greinar innan formáladeildarinnar. Einnig er stefnt að því að samtvinna tvær námsgreinar þ.e. leikhúslíf og menningarfræði og auka vægi þeirra en þær hafa verið tilraunakenndar og mælst vel fyrir. Stefnt er að því að þessar breytingar geti tekið gildi á skólaárinu 2014-2015. Almenn bókmenntasaga verður einnig tekinn inn sem tilraun 2014-2015.

Meginmarkmið 3: Efling stoðþjónustu á árunum 2013-2014.

Deilimarkmið:

- a. Stefnt er að því að bæta við hálfu stöðugildi á skrifstofu skólans skólaárið 2013.
- b. Stefnt er að því að nemendur hafi aðgang að hjúkrunarfræðingi alla virka daga frá skólaárinu 2013-2014.
- c. Stefnt er að því að bæta við hálfu stöðugildi á bókasafni haustið 2013.
- d. Frá og með skólaárinu 2013-2014 verður haldið haustnámskeið fyrir umsjónarkennara skólans í samstarfi við námsráðgjöf, hjúkrunarfræðing og skólastjórn.
- e. Nemendum í 3. og 4. bekk verði áfram boðið upp á stoðtíma í stærðfræði á samningstímanum. Nemendum í 4. bekk verði boðið upp á stoðtíma í latínu og efnafræði á samningstímanum og nemendur 5. bekkjar fái stoðtíma í eðlisfræði í samstarfi við nemendaráðgjafa, á samningstímanum.
- f. Nemendum sem glíma við lesröskun, t.d. dyslexíu, verði boðið upp á fleiri stoðtíma í stafsetningu, aukna aðstoð við próftöku og verkefnaskil allt skólaárið. Nemendum með alvarlegan athyglibrest (víðhygli) verði boðið upp á lotubundna prófatöku. Vilji er fyrir því að hefja þessa þjónustu strax haustið 2013.
- g. Útvíkkun og efling á læsi í víðum skilningi hjá nemendum með erlent ríkisfang og nemendum sem hafa dvalist lengi erlendis frá hausti 2013.

- h. Námsráðgjöf verði kynnt sérstaklega meðal nýnema snemma á haustin, frá hausti 2013, með það fyrir augum að efla þjónustu við nemendur. Frá sama tíma verði árlega gerð kennslu/viðhorfskönnun um viðhorf nemenda til þjónustunnar og hvernig megi bæta hana.
- i. Mötuneyti bjóði hollustuvörur á sanngjörnu verði og standist viðurkenndar gæðakröfur. Sumarið 2013 verður farið í breytingar á aðstöðu matráða í eldhúsi nemenda og hún stækkuð eins mikið og núverandi húsrúm leyfir. Breyting þessi mun þó verða á kostnað þess rýmis sem nemendur hafa til að matast.

Meginmarkmið 4: Fjölbreytni náms verði tryggð með þátttöku nemenda í námi utan formlegrar námskrár.

Deilimarkmið:

- a. Nemendum sem hafa áhuga á þjálfun í þrautalausnum í stærðfræði standi til boða laugardagsæfingar, á samningstímanum.
- b. Þátttaka í alþjóðlegu skólakóramóti á skólaárinu 2013-2014 með það fyrir augum að efla samstarf við erlenda kóra.
- c. Nemendur í fornmáladeild fari til Rómar á haustönn 2013 og nemendur í þýskuváli á vorönn 2014 til Berlínar.

Meginmarkmið 5: Innleiðing aðalnámskrár 2011.

- a. Unnið verði áfram að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga og áfanga- og brautalýsingar settar í námskrárgrunn fyrir lok skólaárs 2014-2015.
- b. Nemendur sem innritast vorið 2015 hefji nám á grundvelli nýrrar skólanámskrár.
- c. Á samningstímanum verði skilgreint framhaldsskólapróf frá skólanum að loknu tveggja ára námi.

Meginmarkmið 6: Draga úr brotthvarfi.

- a. Að minnsta kosti 95% af fjölda innritaðra nemenda haustið 2013 gangist undir vorpróf vorið 2014.
- b. Fjöldi nemenda sem hættu námi á hverju misseri á samningstímanum verði innan við 3% og heildarfjöldi nemenda sem hverfa frá námi alveg eða tímabundið vegna náms erlendis á skólaárinu sé innan við 7%.

Meginmarkmið 7: Efling kennslu og þjónustu.

- a. Á skólaárinu 2014-2015 hafi allir kennarar a.m.k. fyrstu háskólagráðu í sínu fagi og kennsluréttindi og a.m.k. helmingur kennara sé með meistaragráðu eða hærri prófgráðu. Aðrir starfsmenn hafi þá menntun sem krafist er fyrir viðkomandi störf frá sama tíma.
- b. Stjórnun skólans styðji við stefnu hans og verkferlar stjórnenda verði skýrir á samningstímanum.
- c. Rektor stjórnari af festu og leysi mál eins fljótt og unnt er og sýni sanngirni við úrlausn mála. Aðgengi verði gott að stjórnendum og auðvelt að ná fundi þeirra til að bera upp mál. Stefnt er að þessu á samningstímanum.
- d. Skólinn verði rekinn innan fjárheimilda á samningstímanum.
- e. Umhverfisstefna verði sett á samningstímanum.
- f. Skólaárið 2014-2015 verði jafnt hlutfall kynja í starfsmannahópi skólans.

- h. Námsráðgjöf verði kynnt sérstaklega meðal nýnema snemma á haustin, frá hausti 2013, með það fyrir augum að efla þjónustu við nemendur. Frá sama tíma verði árlega gerð kennslu/viðhorfskönnun um viðhorf nemenda til þjónustunnar og hvernig megi bæta hana.
- i. Mötuneyti bjóði hollustuvörur á sanngjörnu verði og standist viðurkenndar gæðakröfur. Sumarið 2013 verður farið í breytingar á aðstöðu matráða í eldhúsi nemenda og hún stækkuð eins mikið og núverandi húsrúm leyfir. Breyting þessi mun þó verða á kostnað þess rýmis sem nemendur hafa til að matast.

Meginmarkmið 4: Fjölbreytni náms verði tryggð með þátttöku nemenda í námi utan formlegrar námskrár.

Deilimarkmið:

- a. Nemendum sem hafa áhuga á þjálfun í þrautalausnum í stærðfræði standi til boða laugardagsæfingar, á samningstímanum.
- b. Þátttaka í alþjóðlegu skólakóramóti á skólaárinu 2013-2014 með það fyrir augum að efla samstarf við erlenda kóra.
- c. Nemendur í fornmáladeild fari til Rómar á haustönn 2013 og nemendur í þýskuváli á vorönn 2014 til Berlínar.

Meginmarkmið 5: Innleiðing aðalnámskrár 2011.

- a. Unnið verði áfram að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga og áfanga- og brautalýsingar settar í námskrárgrunn fyrir lok skólaárs 2014-2015.
- b. Nemendur sem innritast vorið 2015 hefji nám á grundvelli nýrrar skólanámskrár.
- c. Á samningstímanum verði skilgreint framhaldsskólapróf frá skólanum að loknu tveggja ára námi.

Meginmarkmið 6: Draga úr brotthvarfi.

- a. Að minnsta kosti 95% af fjölda innritaðra nemenda haustið 2013 gangist undir vorpróf vorið 2014.
- b. Fjöldi nemenda sem hættu námi á hverju misseri á samningstímanum verði innan við 3% og heildarfjöldi nemenda sem hverfa frá námi alveg eða tímabundið vegna náms erlendis á skólaárinu sé innan við 7%.

Meginmarkmið 7: Efling kennslu og þjónustu.

- a. Á skólaárinu 2014-2015 hafi allir kennarar a.m.k. fyrstu háskólagráðu í sínu fagi og kennsluréttindi og a.m.k. helmingur kennara sé með meistargráðu eða hærri prófgráðu. Aðrir starfsmenn hafi þá menntun sem krafist er fyrir viðkomandi störf frá sama tíma.
- b. Stjórnun skólans styðji við stefnu hans og verkferlar stjórnenda verði skýrir á samningstímanum.
- c. Rektor stjórnari af festu og leysi mál eins fljótt og unnt er og sýni sanngirni við úrlausn mála. Aðgengi verði gott að stjórnendum og auðvelt að ná fundi þeirra til að bera upp mál. Stefnt er að þessu á samningstímanum.
- d. Skólinn verði rekinn innan fjárheimilda á samningstímanum.
- e. Umhverfisstefna verði sett á samningstímanum.
- f. Skólaárið 2014-2015 verði jafnt hlutfall kynja í starfsmannahópi skólans.

Meginmarkmið 8: Efling samstarfs við aðra.

- a. Efla samstarf við grunnskólann allt samningstímabilið. Halda kynningarfund með forráðamönnum nýnema á hverju hausti. Þjóða grunnskólum höfuðborgarsvæðisins að senda þátttakendur í stærðfræðikeppni á hverju ári á samningstímanum.
- b. Þjóða námsráðgjöfum í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins að koma á samstarfsfund á hverju hausti á samningstímanum, frá hausti 2013.
- c. Þjóða nemendum á framhaldsskólastigi, sem ekki stunda nám við skólann, að sækja nám í t.d. latínu og grísku og á 4. þrepi í eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði. Stefnt er að þessu frá hausti 2014.

B. Tímabundin verkefni**1) Þróunarverkefni**

Aðstoð við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Kennt er einu sinni í viku og nemendum skipt í hópa eftir námsárum og vinna hóparnir saman að verkefnum sem stoðkennari leggur fyrir í upphafi hvers tíma. Upphæð til þessa verkefnis er kr. 650.000 fyrir skólaárið 2012-2013.

2) framhaldsskóli.is

Samstarfi skólans og Skólavefjarins verði haldið áfram en það miðar að því að þróa rafræn námsgögn í tengslum við vefsíðuna framhaldsskoli.is. Samstarf þetta hófst í janúar 2013. Einkum verður horft til þess að bjóða upp á rafræn námsgögn í íslensku og ensku. Með þessu vill skólinn koma til móts við þarfir þeirra nemenda sem vilja tileinka sér nýja tækni og einkum er horft til þeirra sem eiga við leshömlun að stríða. Markmiðið er að rafræn námsgögn verði raunhæfur valkostur fyrir nemendur á samningstímanum og í því augnamiði verði sótt um styrk í Þróunarsjóð námsgagna og Sprotasjóð.